

Nd.

147. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóhanni P. Jósefssyni.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum í upphafi greinarinnar „Byggingarfélagi, er kemur upp sambyggingum“ komi: eða sérstæðum húsum.
2. Við 11. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Byggingarfélögum er þó heimilt að leita til sérfróðra manna um teikningar af fyrirhuguðum byggingum, og ber rikissjóður kostnað þann, er af því leiðir.